

28. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 31. maí 2013 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Árni Sigfússon formaður, Magnús Stefánsson, Róbert Ragnarsson, Sigrún Árnadóttir, Ásgeir Eiríksson, Guðmundur Pétursson, Sigurbjörn Sigurðsson, Berglind Kristinsdóttir, Eggert Sólbert Jónsson, Þuríður Aradóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð. Fjarverandi voru Sævar Magnússon, Kjartan Eiríksson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (Heklan og Markaðsstofan)
2. Málefni Markaðsstofunnar – Áb. Þuríður Aradóttir
 - a) Upplýsingarmiðstöðvar, Landamærastöð og Landshlutamiðstöð. Uppgjöri við ITA og ISAVIA. Drög að samningum við Bergnet ehf.
 - b) Drög að sameiginlegri ályktun Markaðsstofa.
 - c) Sameiginleg kynning Markaðsstofu Reykjanes, Vesturlands, Suðurlands og Austurlands á Vest-Norden í haust.
 - d) Samningur um nýja heimasíðu, uppsetning og hönnun.
 - e) Kynning á Reykjanesi í Around Iceland cafe sem opnar í maí.
3. Uppbygging myndasafns og greina af svæðinu á íslensku og ensku fyrir fjölmiðla og tímarit. Tengiliðir sveitarfélaganna. Áb. Þuríður Aradóttir
4. Framlög ríkisvaldsins til atvinnutengdra verkefna.
5. Atvinnuleysistödlur.
6. Verkefnastaða Heklunnar.
7. Önnur mál.

1. Mál Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Mál Málefni Markaðsstofu Reykjanes

- a. Þuríður kynnti breytingar á fyrirkomulagi vegna reksturs upplýsingamiðstöðva (landshluta- og landamæramiðstöðva). Samningur við ITA um rekstu bókunarmiðstöðvar var ekki endurnýjaður. Unnið er að samningi við Ísavía um rekstur upplýsingamiðstöðvar/landamæramiðstöðvar. Gerður hefur verið samningur við Bergnet ehf. um rekstur landshlutamiðstöðvar.
- b. Drög að sameiginlegri ályktun Markaðsstofa vegna hættu á óafturkræfum náttúruspjöllum á ferðamannastöðum samþykkt samhjóða.
- c. Sameiginleg kynning Markaðsstofu Reykjanes, Vesturlands, Suðurlands og Austurlands verður á á Vest-Norden í haust.
- d. Gerður hefur verið samningur um nýja vefsíðu fyrir markaðsstofur landshluta sem auðveldar utanumhald og dregur úr kostnaði.
- e. Reykjanes verður kynnt í Around Iceland sem er kaffihús á laugarveginum og opnar í maí. Verkefnið verður kynnt á menningarnótt.
- f. Mikil eftirspurn er eftir myndum og greinum. Því er lagt til að settur verður upp sameiginlegur mynda- og gagnabanki í samstarfi við sveitarfélögin. Óskað er eftir

gögnum og upplýsingum frá sveitarfélögum.

3. Mál Framlög ríkisvaldsins til atvinnutengdra verkefna

Framkvæmdastjóri kynnti yfirlit yfir framlög ríkisvaldsins til atvinnutengdra verkefna.

4. Atvinnuleysistöður

Framkvæmdastjóri kynnti yfirlit yfir atvinnuleysistöður. Fækkað hefur á skrá en Suðurnes eru þó enn töluvert yfir landsmeðaltali.

		kvk.	kk.		breyting frá fyrra mánuði
Þar af í hlutastarf:	60	46	14		-9,09091
Reykjanesbær	602	317	285	75,3%	-7,81011
Sandgerði	54	33	21	6,8%	-1,81818
Garður	42	18	24	5,3%	-10,6383
Vogar	34	20	14	4,3%	-10,5263
Grindavík	56	43	13	7,0%	-9,67742
M.lögh.annars st.	11	9	2	1,38%	-21,4286
Heildarfjöldi:	800	439	361	99,9%	

5. Verkefnastaða Heklunnar

Framkvæmdastjóri og verkefnastjórar kynntu stöðu verkefna.

6. Önnur mál

- Næsti fundur verður haldinn um miðjan september.
- Guðmundur sagði frá helstu verkefnum SAR.

Fleira ekki gert og fundi slitið.